

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 23. FUNDUR – 8. maí 2012

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 23. fundar þriðjudaginn 8. maí 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. *Fundargerðir:*
  - a. *Bæjarráð frá 30. apríl 2012.*
  - b. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 11. apríl 2012.*
  - c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 23. apríl 2012.*
2. *Önnur mál*

Forseti óskaði í upphafi fundar eftir því að tekinn yrði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt.

### Afgreiðslur:

#### 1. *Fundargerðir:*

##### a. *Bæjarráð frá 30. apríl 2012*

Fundargerðin er í 11 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum miklum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

##### b. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 11. apríl 2012*

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin var að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

##### c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 23. apríl 2012*

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina.

Bæjarstjórn lagði fram eftirfarandi bókun varðandi dagskrárlið 1 í fundargerðinni: „Bæjarstjórn fagnar framkominni tillögu Skipulags-, byggingar- og veitunefndar. Bæjarstjórn leggur til við nefndina að fara betur ofan í saumana á einstaka lið t.d. gangbrautum og hraðahindrunum. Jafnframt er tæknideild falið að vinna frekar að kostnaðarmati verkefnisins. Ennfremur taki nefndin til útarlegrar skoðunar að færa hámarkshraða niður í 30km á völdum götum. Að endingu skili nefndin tillögu sem

*jafnframt feli í sér forgangsröð. Til þessa málaflokks verði varið allt að 1 milljón á yfirstandandi ári.“*

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.  
Fundargerðin var að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

## 2. Önnur mál

### **a) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 7. maí 2012**

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina.

Forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu við dagskrárlíð 3 í fundargerðinni: „**Breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Skúlabraut, Smárabraut og Sunnubraut.** Bæjarstjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagsupprætti frá Landmótun dags. 7. maí 2012. Breytingin felur í sér að ný hitaveitupípa frá Blönduósi að Skagaströnd liggur að litlu leyti undir götu og gangstétt innan deiliskipulagsmarkanna. Bæjarstjórn telur að breytingin sé óveruleg og því fari fram grenndarkynning skv. 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitupípu innan þéttbýlisins á Blönduósi.** Lagður fram uppdráttur Landmótunar dags. 7. maí 2012 með greinargerð vegna framkvæmda við hitaveitupípu innan þéttbýlisins á Blönduósi. Bæjarstjórn samþykkir að fram fari grenndarkynning á framkvæmdina í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa grenndarkynninguna á heimasíðu Blönduósbæjar, Feyki og Glugganum og auglýsingin gildi í fjórar vikur.“

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.  
Fundargerðin var að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:12

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Heiðrún Edda Bjarkadóttir, (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)